

# FÉLAGSDÓMUR

Dómur miðvikudaginn 4. október 2023.

**Mál nr. 8/2023:**

**Sjómannafélag Íslands**

**vegna A o.fl.**

*(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)*

gegn

**Samtökum atvinnulífsins**

**vegna Eimskips Íslands ehf.**

*(Ólafur Eiríksson lögmaður)*

og

**Alþýðusambandi Íslands**

**vegna Eflingar - stéttarfélags**

*(Daníel Ísebarn Ágústsson lögmaður)*

## Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 11. september 2023.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Einar Hugi Bjarnason og Guðbjarni Eggertsson.

Stefnandi er Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50 D í Reykjavík, vegna A o.fl.

Stefndu eru Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, vegna Eimskips Íslands ehf., Sundabakka 2 í Reykjavík, og Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar - stéttarfélags, bæði skráð að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.

### Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennt verði að Sjómannafélag Íslands fari frá og með 14. nóvember 2022 með samningsaðild fyrir þá starfsmenn sem um ræðir við gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins, vegna starfa þeirra sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf.
- Stefnandi krefst þess til að vara að viðurkennt verði að Sjómannafélag Íslands fari frá og með 2. desember 2022 með samningsaðild fyrir þá starfsmenn sem um ræðir við gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins, vegna starfa þeirra sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf.
- Stefnandi krefst þess jafnframt að viðurkennt verði að þeir starfsmenn sem um ræðir séu ekki bundnir af kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins sem komst á 8. mars 2023, þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt, og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.
- Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði óskipt gert að greiða honum málskostnað.

### **Dómkröfur stefndu**

5. Stefndi Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar - stéttarfélags krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.
6. Stefndi Samtök atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf. krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### **Málavextir**

7. Mál þetta verður rakið til þess að 58 hafnarverkamenn sem starfa hjá Eimskip Íslandi ehf. undirrituðu beiðni um inngöngu í Sjómannafélag Íslands og samhliða úrsögn úr Eflingu – stéttarfélagi á tímabilinu 23. september til 10. nóvember 2022. Gögn vegna þessa voru afhent stefnanda 14. nóvember 2022 og kveður hann félagsaðild þeirra hafnarverkamanna sem um ræðir hafa verið samþykktá samdægurs.
8. Með tölvupósti 21. nóvember 2022 upplýsti formaður stefnanda starfsmann Eimskips Íslands ehf. um nöfn þeirra hafnarverkamanna sem hefðu gengið í stéttarfélagið og óskaði eftir því að stéttarfélagsgjöld yrðu framvegis greidd félaginu. Með vísan til laga Eflingar – stéttarfélags óskaði Eimskip Ísland ehf. 28. sama mánaðar eftir staðfestingu á því að úrsögn starfsmanna hefði borist stéttarfélaginu áður en kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hófust. Lögmaður stefnanda svaraði erindinu degi síðar og vísaði meðal annars til þess að Efling – stéttarfélag hefði tekið við úrsögnunum athugasemdalaust og að það væri óheimilt að takmarka rétt umræddra starfsmanna til að ganga úr félaginu á þessu tímamarki. Stefnandi og Eimskip Ísland ehf. áttu í frekari samskiptum í desember 2022 og var þar meðal annars fjallað um hvort úrsagnir úr Eflingu – stéttarfélagi hefðu verið heimil á þeim tíma sem um ræðir.
9. Stefnandi kveðst hafa sent Eflingu – stéttarfélagi yfirlýsingar umræddra starfsmanna um úrsagnir úr stéttarfélaginu og samhliða inngöngu í stefnanda 29. nóvember 2022. Stéttarfélagið kveðst hafa mótttekið úrsagnirnar 2. desember sama ár.
10. Með tölvupósti 12. desember 2022 óskaði stefnandi eftir afstöðu Eflingar – stéttarfélags til úrsagnanna. Hinn 22. sama mánaðar sendi Efling - stéttarfélag bréf til þeirra starfsmanna sem um ræðir og kom þar fram að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga stéttarfélagsins væri óheimilt að segja sig úr félaginu á meðan kjaraviðræður stæðu yfir. Tekið var fram að kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hefðu staðið yfir frá 30. nóvember 2022 og hefði úrsögn úr stéttarfélaginu verið óheimil við þessar aðstæður. Tölvupóstur sem hafði að geyma sama efni barst stefnanda 3. janúar 2023.
11. Á aðalfundi stefnanda 28. desember 2022 voru samþykktar breytingar á lögum stéttarfélagsins og var nýjum staflíð bætt við 3. gr. þar sem fjallað er um þær starfgreinar sem heyra undir félagið. Samkvæmt breytingunni starfar sérstök deild hafnarverkamanna innan félagsins og hefur hún meðal annars það markmið að annast gerð kjarasamninga fyrir starfsstéttina.

12. Með samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara 8. mars 2023 komst á kjarasamningur á milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags. Kjarasamningurinn gildir til 31. janúar 2024.
13. Eimskip Ísland ehf. hefur innt af hendi greiðslur til þeirra hafnarverkamanna sem kröfugerð stefnanda tekur til samkvæmt kjarasamningnum. Þá hefur vinnuveitandinn áfram greitt félagsgjöld til Eflingar – stéttarfélags vegna umræddra starfsmanna.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

14. Stefnandi byggir á því að viðurkenna verði rétt hans til gerðar kjarasamnings fyrir hönd umræddra hafnarverkamanna, enda hafi þeir sagt sig úr Eflingu – stéttarfélagi með lögmætum hætti og gerst félagsmenn í stefnanda. Réttur manna til að eiga aðild að stéttarfélögum sé verndaður í 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Túlka verði hömlur á rétti félagsmanna til úrsagnar úr stéttarfélagi með hliðsjón af þessum ákvæðum.
15. Stefnandi telur að 3. mgr. 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags gangi lengra en heimilt sé við takmörkun á rétti félagsmanna til að segja sig úr félaginu. Fram komi í ákvæðinu að óheimilt sé að segja sig úr félaginu þegar viðræður um kjarasamninga séu hafnar, en það tímamark sé ekki skýrt nánar í lögnum, lögum Alþýðusambands Íslands eða lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá virðist afstaða stéttarfélagsins til þessa tímamarks vera óljós og verði stefndu að bera hallann af vafa í þeim efnum.
16. Stefnandi telur fyrrgreint ákvæði ganga lengra en 3. mgr. 12. gr. laga Alþýðusambands Íslands sem stéttarfélagið hafi skuldbundið sig til að hlíta. Í síðastgreindu ákvæði komi fram að hömlur á úrsögn félagsmanna megi aðeins vera tímabundnar og sé hið óljósa tímamark samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga stéttarfélagsins ekki í samræmi við það. Ákvæðið gangi jafnframt lengra en nauðsynlegt sé til að ná því lögmæta markmiði að stéttarfélagið geti sinnt hlutverki sínu sem samningsaðili á vinnumarkaði og komið í veg fyrir að úrsagnir félagsmanna dragi úr vægi aðgerða í tengslum við vinnudeilu. Hafa verði hugfast að viðræður um kjarasamninga hefjist í mörgum tilvikum á meðan félagsmenn séu enn bundnir af fyrri samningi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Þá hafi hvorki verið komin upp vinnudeila né aðgerðir verið fyrirhugaðar í tengslum við slíka deilu þegar hafnarverkamennirnir sögðu sig úr stéttarfélaginu. Í öllu falli standist ekki að miða við að úrsagnir hafi verið óheimilar frá 4. nóvember 2022 þegar haldinn var fyrsti samningafundur eftir að kröfugerð stéttarfélagsins var sett fram.
17. Að framangreindu virtu hafi úrsagnir hafnarverkamanna úr Eflingu – stéttarfélagi verið lögmætar og lög félagsins ekki hamlað þeim. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 sé stefnanda tryggður ótvíræður réttur til að gera kjarasamning fyrir hönd félagsmanna sinna. Fram komi í a-lið 3. gr. laga stefnanda að rétt til inngöngu í félagið hafi allir sem stundi atvinnu á sjó eða starfi á hvers konar flotmannvirkjum,

svo og þeir sem atvinnu hafa af hvers konar flutningastarfsemi. Undir ákvæðið falli allir sem stundi hafnarverkastörf. Þeir starfsmenn sem kröfur stefnanda taka til hafi því átt rétt á að ganga í stéttarfélagið 14. nóvember 2022 í samræmi við beiðnir sínar. Það hafi ekki þýðingu þótt fyrst hafi verið stofnuð sérstök deild hafnarverkamanna innan stefnanda með breytingum á lögum félagsins 28. desember 2022.

18. Stefnandi leggur áherslu á að sá kjarasamningur sem hafnarverkamenn hjá Eimskip Íslandi ehf. störfuðu eftir hafi runnið út 31. október 2022. Starfsmennirnir hafi því ekki verið bundnir af kjarasamningi þegar þeir sögðu sig úr Eflingu – stéttarfélagi. Með inngöngu í stefnanda 14. nóvember 2022 hafi þeir veitt félaginu umboð til að gera kjarasamning um störf sín og miðist aðalkrafa stefnanda við þann dag. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi farið með samningsumboð frá 14. nóvember 2022 er byggt á því að umboðið hafi í öllu falli flust til félagsins 2. desember sama ár þegar Efling – stéttarfélag móttók úrsagnir starfsmannanna.
19. Stefnandi vísar til þess að þó að Efling – stéttarfélag hafi og kunni að halda áfram að gera kjarasamninga sem taki til starfa hafnarverkamanna hafi slíkur samningur ekki verið í gildi þegar þeir starfsmenn sem um ræðir gengu í stefnanda. Þá girði forgangsréttarákvæði í kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins ekki fyrir að samningur verði gerður við annað stéttarfélag um sömu störf, enda sé þess gætt að samningurinn hafi ekki að geyma ákvæði sem séu í andstöðu við áður umsaminn forgangsrétt. Standi þannig ekkert því í vegi að hafnarverkamenn geti falið stefnanda umboð til kjarasamningsgerðar. Önnur niðurstaða feli í sér þvingað samningsumboð til stéttarfélags sem starfsmennirnir vilji ekki eiga aðild að, en það sé meðal annars í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar.
20. Stefnandi telur framangreind rök jafnframt leiða til þess að fallast beri á kröfu um viðurkenningu á því að umræddir starfsmenn séu ekki bundnir af kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins sem komst á 8. mars 2023.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Alþýðusambands Íslands vegna Eflingar stéttarfélags**

21. Stefndi byggir á því að úrsagnir fyrrgreindra hafnarverkamanna úr Eflingu – stéttarfélagi hafi ekki verið gildar þegar þær bárust 2. desember 2022. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 hætti meðlimur stéttarfélags að vera bundinn af samþykktum félagsins þegar hann hefur farið úr félaginu samkvæmt reglum þess. Aftur á móti séu samningar, sem hann hefur orðið bundinn af þegar hann var félagsmaður, skuldbindandi á meðan hann vinni þau störf sem samningurinn taki til, þar til samningurinn geti fyrst fallið úr gildi samkvæmt uppsögn. Fjallað sé um úrsagnir í 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags og komi fram í 3. mgr. að enginn geti sagt sig úr félaginu meðan viðræður um kjarasamninga, vinnudeila sem snertir kaupgjald eða vinnuskilmála viðkomandi félagsmanna standi yfir.

22. Kjarasamningar hafi verið lausir 31. október 2022 og hafi fyrsti samningafundur verið 4. nóvember sama ár. Þá hafi kröfur Eflingar – stéttarfélags verið settar fram og viðræður um kjarasamning verið hafnar. Á öðrum samningafundi 14. nóvember hafi Samtök atvinnulífsins komið sínum kröfum á framfæri. Það sé skýrlega kveðið á um það í 1. mgr. 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags að úrsagnir skuli vera skriflegar og afhentar skrifstofu félagsins. Úrsagnir þeirra hafnarverkamanna sem um ræðir hafi borist 2. desember 2022, en þá hafi kjaraviðræður staðið yfir í tæpan mánuð og félagsmönnum verið óheimilt að segja sig úr stéttarfélaginu, sbr. jafnframt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938.
23. Stefndi telur 3. mgr. 5. gr. laga stéttarfélagsins vera skýra og ljóst hvað „viðræður um kjarasamninga“ merki hvort sem litið sé til almenns málskilnings eða túlkunar með hliðsjón af reglum vinnuréttarins. Vísað sé til viðræðna á milli fulltrúa launþega og atvinnurekenda þar sem stefnt sé að gerð kjarasamnings. Slíkar viðræður hafi verið hafnar og hafi jafnframt verið komin upp vinnudeila þegar úrsagnir bárust stefnda. Það megi sjá af umfjöllun í fjölmiðlum og hafa beri í huga að 7. desember 2022 hafi deilunni verið vísað til ríkissáttasemjara.
24. Stefndi mótmælir því að fyrrgreint ákvæði gangi lengra en 3. mgr. 12. gr. laga Alþýðusambands Íslands þar sem kveðið sé á um að hamla megi úrsögnum úr félagi tímabundið, til dæmis á meðan kjaradeila stendur yfir eða þegar verkfallsaðgerðir séu hafnar. Undir það geti ljóslega fallið tímabundnar hömlur á úrsögnum vegna kjaraviðræðna, enda sé tilgangurinn lögmætur. Kjaradeila Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins hafi verið þess eðlis að réttlæt看legt hafi verið að hamla úrsögnum tímabundið til að tryggja samstöðu og slagkraft stéttarfélagsins svo ekki væri grafið undan samningsréttinum. Þá gildi lög Eflingar – stéttarfélags um úrsagnir úr félaginu fremur en lög Alþýðusambandsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938.
25. Stefndi leggur áherslu á að hinu umdeilda ákvæði laga Eflingar – stéttarfélags sé ætlað að verja samningsrétt stéttarfélagsins og tryggja stöðu þess gagnvart atvinnurekendum á viðkvæmum tímum. Ákvæðið varni því að unnt sé að hafa áhrif á kjaraviðræður eða vinnudeilu með úrsögn úr félaginu, en að baki búi hagsmunir þess launafólks sem kjarasamningurinn taki til. Um sé að ræða tímabundna takmörkun og gangi hún ekki lengra en nauðsynlegt sé til að hinum lögmæta tilgangi verði náð.
26. Stefndi byggir jafnframt á því að stefnandi hafi ekki getað farið með samningsaðild fyrir hafnarverkamenn þegar úrsagnir bárust Eflingu – stéttarfélagi. Stefnandi hafi fyrst látið sig málefni hafnarverkamanna varða þegar lögum félagsins var breytt 28. desember 2022 og stofnuð var sérstök deild hafnarverkamanna innan félagsins. Því er mótmælt að störf hafnarverkamanna hafi rúmast innan a-liðar 3. gr. samþykktu stefnanda þar sem fram komi að rétt til inngöngu í félagið eigi meðal annars þeir sem „atvinnu hafa af hvers konar flutningastarfsemi.“ Stefnandi hafi talið þörf á að breyta lögum félagsins til að rýmka samningsumboðið og hafi félagið ekki áður staðið að

kjarasamningsgerð fyrir þessa starfsmenn. Þá hafi staðfesting stefnanda á inngöngu umræddra starfsmanna í félagið 14. nóvember 2022 enga þýðingu, enda breyti það ekki aðild þeirra að Eflingu – stéttarfélagi né samningsumboði félagsins. Hafi samningsaðild fyrst getað flust til stefnanda þegar félagsmönnum var heimilt að segja sig úr Eflingu – stéttarfélagi við lok kjaradeilunnar.

27. Stefndi tekur fram að samkvæmt framangreindu sé ekki unnt að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda um að starfsmennirnir séu ekki bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á 8. mars 2023. Friðarskylda ríki og taki samningurinn til starfsmannanna á meðan hann er í gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938.
28. Stefndi mótmælir því að brotið hafi verið gegn tjáningarfrelsi stefnanda og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Stefnandi sé ekki útilokaður frá því að semja um kaup og kjör hafnarverkamanna heldur þurfi félagið að fullnægja tilteknum lagaskilyrðum sem ekki hafi verið fyrir hendi á þeim tíma sem kröfugerð stefnanda taki til. Ekki sé um að ræða mismunun heldur almenn lagaskilyrði sem hvíli á málefnalegum sjónarmiðum og stjórnarskrárvörðum réttindum.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Samtaka atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf.**

29. Stefndi tekur fram að hann hafi verið upplýstur um að hafnarverkamenn hefðu gengið í stefnanda með tölvupósti frá formanni félagsins 21. nóvember 2022. Óskað hafi verið eftir afstöðu Eflingar – stéttarfélags sem hafi staðfest að erindi með beiðni um úrsagnir úr félaginu hefðu borist 2. desember sama ár. Þá hafi stéttarfélagið upplýst 3. janúar 2023 að kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hafi staðið yfir þegar úrsagnir bárust og að á þeim tíma hafi verið óheimilt að segja sig úr félaginu. Hafi stefndi því haldið eftir iðgjaldi af launum viðkomandi starfsmanna til Eflingar – stéttarfélags. Hvorki hafi borist athugasemdir frá stéttarfélaginu né umræddum starfsmönnum vegna þessa.
30. Stefndi tekur fram að það hafi fyrst verið á aðalfundi stefnanda 28. desember 2022 sem lögum félagsins hafi verið breytt þannig að sérstök deild hafnarverkamanna hafi verið gerð að hluta starfsgreina félagsins. Hafi hafnarverkamenn ekki getað gengið í stefnanda fyrr en á því tímamarki og því sé ekki unnt að fallast á kröfur stefnanda sem miðast við fyrri tímamörk.
31. Stefndi vísar til þess að samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 geti stéttarfélag sett takmarkanir í félagslög sín vegna úrsagna, enda séu þær málefnalegar, byggðar á starfslegum hagsmunum félaganna og gangi ekki lengra en þörf krefur. Efling – stéttarfélag hafi nýtt þessa heimild og telji úrsagnir ekki hafa borist fyrr en eftir að kjaraviðræður voru hafnar, sbr. 5. gr. laga félagsins. Stefndi hafi ekki skoðun á því hvort ákvæði félagslaga stéttarfélagsins gangi of langt en telji sig bundinn af gildandi ákvæðum nema fyrir liggi að dómstólar telji ákvæðin ekki

standast lög. Að virtum atvikum hafi stefndi átt þann kost einan að skila áfram félagsgjöldum til Eflingar – stéttarfélags.

32. Hvað varðar kröfu stefnanda um viðurkenningu á að umræddir starfsmenn séu ekki bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á 8. mars 2023 er vísað til þess að Eimskip Íslandi ehf. hafi athugasemdalaust greitt starfsmönnum laun samkvæmt þeim kjarasamningi. Þá hafi vinnuveitandinn lengi gert kjarasamninga við Eflingu – stéttarfélag, áður Dagsbrún, um vinnu félagsmanna í þágu vöruafgreiðslu á samningssvæði stéttarfélagsins. Samkvæmt gildandi kjarasamningi hafi félagsmenn stéttarfélagsins forgangsrétt til allrar hafnarvinnu og sé stefndi bundinn af þeim kjarasamningi. Hafi eitt stéttarfélag samið um forgangsrétt til starfa á ákveðnu landsvæði, byggðarlagi eða í einstöku fyrirtæki, geti annað stéttarfélag ekki krafist kjarasamnings um sömu störf og starfsheiti. Vegna þessa telji stefnda sér óheimilt að semja við annað stéttarfélag en Eflingu – stéttarfélag um þau störf sem um ræðir. Þetta sýni jafnframt að Félagsdómur geti ekki orðið við kröfum stefnanda.

### **Niðurstaða**

33. Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
34. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort þeim starfsmönnum sem taldir eru upp í kröfugerð stefnanda hafi verið heimilt að segja sig úr Eflingu – stéttarfélagi á grundvelli yfirlýsinga sem bárust stéttarfélaginu 2. desember 2022. Stéttarfélagið telur að úrsagnir hafi verið óheimilar á þessum tíma þar sem fram komi í 3. mgr. 5. gr. laga félagsins að enginn geti sagt sig úr félaginu meðan viðræður um kjarasamninga eða vinnudeila stendur yfir. Stefnandi telur umrætt ákvæði ekki hamla úrsögnum umræddra starfsmanna og vísar einkum til þess að túlka verði ákvæðið með hliðsjón af 74. gr. stjórnarskrárinnar og að það gangi lengra en heimilt sé samkvæmt lögum Alþýðusambands Íslands sem stéttarfélagið sé bundið af.
35. Kröfur stefnanda lúta að viðurkenningu á því að hann fari með samningsaðild fyrir nánar tilgreinda starfsmenn við gerð kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins vegna starfa þeirra sem hafnarverkamanna hjá Eimskip Íslandi ehf. Aðalkrafan lýtur að viðurkenningu á því að stefnandi hafi farið með samningsaðild frá 14. nóvember 2022 þegar hann kveðst hafa samþykkt beiðnir umræddra starfsmanna um inngöngu í félagið. Varakrafan lýtur að viðurkenningu á að stefnandi hafi farið með slíka samningsaðild frá 2. desember 2022 þegar úrsagnarbeiðnir bárust Eflingu – stéttarfélagi. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á því að þeir starfsmenn sem um ræðir séu ekki bundnir af þeim kjarasamningi sem komst á milli Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins þegar miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt 8. mars 2023.
36. Réttur til að stofna stéttarfélög er sérstaklega varinn af 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá segir í 1. gr. laga nr. 80/1938 að menn eigi

rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyóðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er tekið fram að stéttarfélög ráði sjálf málefnum sínum með þeim takmörkunum sem sett eru í lögnum. Einstakir meðlimir félaganna séu bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess sem það kann að vera í. Í 2. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að meðlimur stéttarfélags hætti að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, séu skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

37. Samkvæmt framangreindu ráða stéttarfélög málefnum sínum sjálf, þar með talið hvernig lögum þeirra og samþykktum er háttað. Telja verður að stéttarfélag geti á þessum grundvelli mælt fyrir um takmarkanir á úrsögnum í félagslögum sínum, enda séu slíkar takmarkanir málefnalegar, byggðar á starfslegum hagsmunum félaganna og gangi ekki lengra en þörf krefur, sbr. til hliðsjónar dóma Félagsdóms 4. júlí 2001 í máli nr. 9/2001 og 12. júlí 2004 í máli nr. 2/2004.

38. Hið umdeilda ákvæði í 3. mgr. 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags er svohljóðandi:

Enginn getur sagt sig úr félaginu meðan viðræður um kjarasamninga, vinnudeila sem snertir kaupgjald eða vinnuskilmála viðkomandi félagsmanna stendur yfir. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi er lagt hefur niður vinnu vegna vinnudeilu.

39. Leggja verður til grundvallar að tilgangur ákvæðisins sé að koma í veg fyrir að úrsagnir úr stéttarfélaginu veiki félagið þegar þörf er á samstöðu vegna kjaraviðræðna og kjaradeilu sem stendur yfir. Markmiðið er þannig að verja sammingsrétt stéttarfélagsins í þágu hagsmuna þeirra starfsmanna sem kjarasamningur mun taka til. Telja verður slíkt markmið málefnalegt og að ákvæði af þessum toga séu almennt lögmæt. Það leiðir aftur á móti af rétti manna til félagafrelsis, sem er varinn af 74. gr. stjórnarskrárinnar, að með slíku ákvæði má ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt. Að sama skapi verður að túlka ákvæði af þessum toga með hliðsjón af því að þau takmarka stjórnarskrárvarin réttindi.

40. Þegar litið er til orðalags hins umdeilda ákvæðis er ekki alls kostar skýrt hvort úrsagnir séu óheimilar að því gefnu að kjaraviðræður séu hafnar eða hvort vinnudeila sem varðar kjör félagsmanna þurfi að standa yfir. Þá er ekki ljóst hvenær kjaraviðræður teljast hafa náð því stigi að vinnudeila standi yfir, en hvorki er tekið af skarið um það í lögum stéttarfélagsins né lögum nr. 80/1938. Samkvæmt almennri málvenju og meginreglum vinnuréttar verður lagt til grundvallar að vinnudeila teljist

fyrst vera til staðar þegar kjarasamningar eru lausir og ágreiningur hefur komið upp á milli samningsaðila við kjaraviðræður.

41. Að öllu framangreindu virtu telur Félagsdómur að túlka beri ákvæðið með þeim hætti að ekki sé heimilt að takmarka rétt félagsmanna til að segja sig úr Eflingu – stéttarfélagi nema að kjaraviðræður hafi leitt í ljós að uppi sé ágreiningur á milli samningsaðila og að vinnudeila standi í reynd yfir. Slík túlkun fær bæði stoð í texta ákvæðisins og þeim tilgangi þess að koma í veg fyrir að úrsagnir veiki stéttarfélagið þegar þörf er á samstöðu vegna gerðar kjarasamnings. Þessi skilningur á ákvæðinu er jafnframt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga Alþýðusambands Íslands þar sem fram kemur að ákvæði samþykka aðildarféлага megi ekki hamla því að félagsmenn geti sagt sig úr félögum með þeirri undantekningu að um tímabundnar hömlur sé að ræða, til dæmis vegna yfirstandandi kjaradeildu og verkfallsaðgerða henni tengdri.
42. Fyrir liggur að yfirlýsingar um úrsagnir þeirra starfsmanna sem um ræðir bárust Eflingu – stéttarfélagi 2. desember 2022. Við mat á því hvort úrsagnir hafi verið heimilar verður að miða við þessa tímasetningu, enda kemur með skýrum hætti fram í 1. mgr. 5. gr. laga félagsins að skriflegar úrsagnir verði að berast skrifstofu þess. Starfsmennirnir voru bundnir af þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1938, og er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að fallast á aðalkröfu stefnanda sem lýtur að viðurkenningu á samningsaðild fyrir umrædda starfsmenn frá 14. nóvember 2022.
43. Kemur þá til skoðunar hvort aðstæður 2. desember 2022, þegar úrsagnir bárust Eflingu – stéttarfélagi, hafi verið þess eðlis að fyrrgreint ákvæði laga félagsins hafi girt fyrir úrsögn félagsmanna. Gögn málsins bera með sér að 31. október 2022 hafi Efling – stéttarfélag lagt fram kröfugerð vegna kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins, en sama dag leið gildistími fyrri kjarasamnings aðila undir lok. Fulltrúar samningsaðila funduðu 4. nóvember 2022. Af frétt á heimasíðu Eflingar – stéttarfélags verður ráðið að formaður félagsins hafi á fundinum haldið framsögu um forsendur og rök að baki kröfugerðinni. Þá hafi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins brugðist við og aðilar skipst á skoðunum. Samningsaðilar funduðu á ný 14. nóvember 2022 og var viðræðuáætlun, sem send var ríkissáttasemjara, undirrituð þann dag, sbr. III. kafli laga nr. 80/1938. Gert var ráð fyrir því að ríkissáttasemjara yrði falin fundarstjórn frá og með 21. nóvember 2022, en tekið fram að það fæli þó ekki í sér vísun viðræðna til hans. Samningsaðilar funduðu hjá ríkissáttasemjara 28. nóvember 2022 og þann dag setti Efling – stéttarfélag fram endurskoðaða kröfugerð þar sem meðal annars var leitast við að koma til „móts við kröfur um skammtíma kjarasamning sem komið hafa frá öðrum verkalýðsfélögum, ríkisstjórninni og SA“, sbr. tilkynningu frá stéttarfélaginu sem fjölmiðlar vísuðu til.
44. Samkvæmt framangreindu höfðu kjaraviðræður staðið yfir í tæpan mánuð og Efling – stéttarfélag lagt fram uppfærða kröfugerð þegar úrsagnir fyrrgreindra starfsmanna bárust stéttarfélaginu. Lá þannig fyrir að Samtök atvinnulífsins höfðu ekki fallist á kröfur stéttarfélagsins og að samningsaðilar deildu um efni þess nýja kjarasamnings

sem unnið var að. Leggja verður til grundvallar að á þessum tíma hafi verið risinn ágreiningur í kjaraviðræðum stéttarfélagsins við Samtök atvinnulífsins og að vinnudeila hafi verið til staðar, en það fær jafnframt stoð í fjölmiðlaumfjöllun sem er meðal gagna málsins.

45. Að virtum atvikum og því sem áður hefur verið rakið telur Félagsdómur að við þær aðstæður sem voru uppi 2. desember 2022 hafi fyrrgreint ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga Eflingar – stéttarfélags girt fyrir úrsagnir úr félaginu. Var því heimilt að takmarka félagafrelsi þeirra starfsmanna sem um ræðir tímabundið, sbr. það sem áður greinir um skýringu ákvæðisins og tilgang þess. Þegar af þessari ástæðu verður að hafna varakröfu stefnanda um viðurkenningu á því að sammingsaðild hafi verið í höndum hans frá þessu tímamarki.
46. Af framangreindu leiðir að umræddir starfsmenn voru félagsmenn í Eflingu – stéttarfélagi þegar kjarasamningur komst á milli stéttarfélagsins og Samtaka atvinnulífsins við samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara 8. mars 2023. Starfsmennirnir eru bundnir af þeim kjarasamningi í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 og verður að hafna kröfu stefnanda um viðurkenningu á að svo sé ekki.
47. Samkvæmt framangreindu eru stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda. Að virtum atvikum þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

#### **Dómsorð:**

Stefndu, Samtök atvinnulífsins vegna Eimskips Íslands ehf. og Alþýðusamband Íslands vegna Eflingar – stéttarfélags, eru sýkn af kröfum stefnanda, Sjómannafélags Íslands vegna A. o.fl.

Málskostnaður fellur niður.